

Nd.

383. Framvarp

til vegalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Stjórnarfrumvarpið á þskj. 5 með eftirtöldum breytingum:

2. gr. A. 4. hljóðar svo:

Biskupstungnabraut frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisbrautar.

Í 2. gr. C. 1. er komið í stað orðanna: um »Línakradal . . . Faxalæk«: um svenefndan Múlaveg, sunnan við Stórhól, vestan við Auðunnarstaði að brúarstaði á Viðidalsá hjá Steinsvaði.

Úr 7. gr. er fallið orðið »fastar« úr 1. málgr. og »fastir« úr 2. málgr.

49. gr. hljóðar svo:

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfielag út af fyrir sig, skal hálf sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfielagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

52. gr. hljóðar svo:

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; þó mega bifreiðar eða vagnar standa á veginum við vinstra vegjaðar um skamman tíma, enda sje hesturinn þá leystur frá vagninum.